

87. ársþing UMSK – Þinggerð

87. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 10. febrúar kl. 18.00 í Versölum, félagsaðstöðu Gerplu Kópavogi.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings.

Valdimar sagði meðal annars:

„UMSK er að verða 90 ára og líður að söguritun og því nauðsynlegt að skipa ritnefnd og hefja söfnun á gögnum. Valdimar lagði áherslu á að félögin héldi sínum fjárframlögum frá sveitarfélögum þrátt fyrir samdrátt. Bað hann menn um að vera vel á verði og halda fast í sinn hlut hvort sem félögin geri það hvert í sínu lagi eða við sem ein heild.

Fleira um að vera hjá sveitarfélögum eins og skipulagsbreytingar, aðalskipulag og deiliskipulag. Þurfum að koma að því sem umsagnaraðilar þegar skipulagsvinna er sett í gang“.

Þingið haldið í félagsaðstöðu Gerplu í og með til að heiðra félagið sem náð hefur frábærum árangri á árinu. Valdimar minntist á þá frábæru aðstöðu sem félagið hefur yfir að ráða þar sem yfir 200 iðkendur geta verið í einu við æfingar.

Valdimar bar upp tillögu um Ragnheiði Margréti Ólafsdóttur sem þingforseta.

Tillaga Valdimars var samþykkt og tók hún þegar til starfa.

Þingforseti bar upp tillögu um Margréti Björnsdóttur sem þingritara.

Tillaga um þingritara var samþykkt.

Þá bar þingforseti upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd

Einar Kristján Jónsson Breiðabliki, Páll Grétarsson Stjórnunni og Jón Pálsson Aftureldingu Samþykkt.

Þingforseti gaf Valdimari Leó Friðrikssyni formanni UMSK orðið undir liðnum skýrsla stjórnar.

Formaður lagði fram skýrslu stjórnar. Rakti hann það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu

starfsársi og helstu viðburði sem sambandið tók þátt í. Hann þakkaði þeim sem tóku þátt í starfinu

sem og öllum keppendum UMSK á Unglingalandsmóti UMFÍ sem að þessu sinni var haldið í

Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Þar mættu um 260 keppendur frá UMSK ásamt fjölskyldum sínum og má ætla að hópurninn frá UMSK hafi talið um 600 manns. Næsta Unglingalandsmót verður haldið á Egilsstöðum.

Metþáttaka var í skólahlaupi UMSK eða 600 þátttakendur.

Úthlutað var úr Afreksmannasjóði UMSK eftir nýjum úthlutunarreglum.

Höfum aldrei úthlutað eins miklum styrkjum úr sjóðnum eins og nú eða um 3.9 milljónir.

30 milljónir eru greiddar út til aðildarfélaganna af Lottótekjum.

Því næst voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK las upp reikningana og útskýrði.

Rekstrarreikningur:

Tekjur sambandsins á árinu voru 47.126.441.

Afreksmannasjóðurinn var tekinn út og gjaldfærður í reikningum sambandsins bæði það sem var úthlutað og eftirstöðvarnar. Við það varð tap ársins - 338.574.

Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Ólafur flutti kveðju framkvæmdastjórnar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og óskar sambandinu til hamingju með glæsilega og skilmerkilega skýrslu.

Gott tilefni að halda sambandsþingið hjá Gerplu vegna þeirra glæstu sigra sem félagið hafði náð.

Hrósaði Kópavogi fyrir góða uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Hvergi eins mikil fjölbreyttni í íþróttastarfinu eins og hjá UMSK hvað varða fjölda íþróttagreina.

Íþróttahreyfingin er viss þjónustuaðili við sveitarfélögin.

Ekki nýtt okkur nægilega vel þau tækifæri þegar grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna 1997.

Þurfum að móta betri framtíðarsýn. Þakkar vel samstarfið við UMSK sem hefur verið gott.

Ólafur heiðrað því næst Gauta Grétarsson Gróttu með gullmerki ÍSÍ fyrir áralangt starf fyrir Gróttu og innan ÍSÍ.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ

Þakkar formanni og stjórn UMSK fyrir samstarfið á árinu. Flutti kveðju frá stjórn UMFÍ.

Mikill metnaður lagður í skýrsluna, glæsileg skýrsla og reikningar.

Þakkar þátttöku UMSK í Fjölskyldan á fjallið en fjall UMSK var Úlfarsfell.

Þakkar þátttöku í Unglingalandsmóttinu í Borgarnesi og hve vel tókst til með mótið.

Óskar félögum innan UMSK til hamingju með alla þá titla sem unnust á árinu.

Helga minntist á námskeið innan leiðtogaskólans og Erópu unga fólksins sem Anna Möller veitir forstöðu. Auglýsa eftir starfsmanni vegna landsmóts 50+ sem áætlað er að vera með í sumar.

Lottó er okkar tekjulind. UMSK fær hæstu upphæðina úr Lottópotti UMFÍ.

Aukin sala er ávinningur fyrir okkur öll.

UMFÍ hefur breyst mikið í tímans rás. Eðlileg breyting, dugleg að finna ný verkefni.

Í dag er áherslan á forvarnir og 50+.

Helga Guðrún heiðraði síðan Hildigunni Hilmarsdóttur Gróttu með því að hengja í hana starfsmerki UMFÍ en Hildigunnur hefur unnið að þjálfun og félagsstarfi innan Gróttu í yfir tuttugu ár.

Álit kjörbréfanefndar

Einar Kr. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarfélaga. Þrjátíu og átta félög eru aðildarfélög að UMSK og lögðu 15 félög fram kjörbréf. Fjöldi þingfulltrúa sem mættu á þingið eru 70 af 144 sem seturétt hafa. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt .

Aðilaðald nýrra félaga

Valdimar Leó Friðriksson:

Tvö félög sóttu um aðild að UMSK á árinu og þarf þingið að staðfesta inngöngu þeirra.

Stálúlfur Kópavogi – formaður Algirdas Slapikas

Júðófélag Garðabæjar – formaður Haukur Hafsteinsson

Þessi tvö félög voru borin upp og samþykkt.

Umræður um skýrslu stjórnar

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir hrósaði stjórn fyrir frábæra reikninga og skýrslu og þótti vænt um að sjá afreksmannasjóðinn tekinn út úr reikningum sambandsins.

Þorsteinn Þorbergsson fulltrúi Stjórnunnar.

Fyrirspurn varðandi heildariðkendur á bls 11 í skýrslunni en heildartala iðkenda í töflunni er ekki rétt hjá Ungmennafélaginu Álftanesi og Stjórnunni.

Þorsteinn ræddi um Ungmennalandsmótið, og sagði að það væru ekki mörg verkefni sem UMSK getur tekið saman með öllum aðildarfélögum.

Hann tók þátt í undirbúningsvinnunni fyrir mótið. Kom honum á óvart að börnin vissu ekki einu sinni hvernig UMSK merkið lítur út.

Setningin: Stemmningin, ræðuhöldunum má stilla aðeins í hóf þar sem þarna eru mörg börn og unglingar. Hver er tilgangurinn með þessu öllu saman?

Hugsar um það hvernig hægt væri að koma inn í vitund barnanna hver samtökin UMSK eru.

Fyrir næsta mót gera hópinn sterkari.

Þorsteinn nefndi tvö verkefni sem hann vildi persónulega sjá að unnið væri í.

Búa til samræmt efni varðandi tóbaksmálin og bjóða upp á ræðumennsku og persónuuppbyggingu sem ekki snýr beint að íþróttunum.

Framkvæmdastjóri svarar spurningum varðandi töfluna á bls 11. Taflan hefur dregist til en heildartalan er rétt.

Ætlunin að bjóða upp á félagsmálanámskeið í hverju bæjarfélagi frá félagsmálaskóla UMFÍ.

Valdimar Friðriksson þakkar ágætis ábendingar. Svarar um siðareglurnar.

UMSK vill koma meira út og vinna meira með og fyrir félögin.

Unglingalandsmótið. Það er rétt að börnin hafa ekki þessa vitund um það hvað UMSK er.

Áður voru rúturnar notaðar til að fara með börnin á mótin en ákveðið var að draga fjölskyldurnar með og þá tók einkabíllinn völdin. Við það myndaðist ekki eins mikið hópefli og tilfinningin fyrir UMSK dvínaði.

Tekur vel í að taka upp átak í tóbaksvörnum.

Álit kjörbréfanefndar Einar Kr. Jónsson.

Samþykkt.

Reikningar fram lagðir til samþykktar.

Samþykktir.

Þinghlé – matarhlé

Valdimar L. Friðriksson notaði þinghléið til að afhenda viðurkenningar til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála.

Valdimar afhenti eftirtaldar viðurkenningar:

Viðurkenningar á 87. ársþingi UMSK:

Starfsmerki UMSK:

Alexander Arnarsson HK
Ásta Sigrún Gylfadóttir HK
Ásta St. Eiríksdóttir HK
Sigvaldi Einarsson HK
Einar Sigurðsson HK
Ólafur Björnsson Breiðabliki
Sveinn Gíslason Breiðabliki
Guðmundur Jónsson Breiðabliki
Ólöf Guðmundsdóttir Breiðabliki
Jochum M. Ulriksson Gerplu
Guðmundur Halldórsson Gerplu
Tryggvi Þorsteinsson Aftureldingu
Erla Gísladóttir Gróttu
Gunnar Gíslason Gróttu
Jóhannes Geir Benjamínsson Gróttu

Silfurmerki UMSK: - Kristján Erlendsson Gerplu

Gullmerki UMSK: - Magnús Jakobsson Breiðabliki

UMFÍ bikarinn og Fimleikabikar UMSK – kvennalið Gerplu

Dansbikarinn UMSK – Hanna Rún Óladóttir og Sigurður Þór Sigurðsson (DÍK)

Frjálsíþróttabikar UMSK – Kári Steinn Karlsson Breiðablik

Sundbikar UMSK - Ingimar Logi Guðlaugsson Breiðabliki

Skíðabikar UMSK – Hann Hjalti Þór Ísleifsson

Afreksbikar UMSK - Írís Mist Magnúsdóttir Gerplu

Félagsmálaskjöldur: - Karl Sigurðsson HK

Af loknum viðurkenningum voru húsakynni Gerplu skoðuð undir leiðsögn formanns Gerplu, Jóns Finnbogasonar.

Eftir hlé var þingi fram haldið

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Albert Valdimarsson flutti tillögu um fjárhagsáætlun:

Fjárhagsáætlun 2011

	2011
Rekstrartekjur:	
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.500.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	39.000.000
Skattar aðildarfélaga	950.000
Getraunir	900.000
Aðrar tekjur	800.000
Samtals	45.150.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	8.750.000
Þing og aðrir fundir	600.000
Lottó til aðildarfélaga	30.000.000
Afreksmannasjóður	3.200.000
Gjafir og viðurkenningar	400.000
Kostn. v/ héraðsmóta	75.000
Unglingalandsmót	650.000
Skólahlaup	350.000
Í landsmótssjóð	800.000
Annar kostnaður	300.000
Samtals	45.125.000
Fjármagnstekjur	200.000
Niðurstöður	225.000

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

Tillögur frá stjórn UMSK

Svanur M. Gestsson flutti tillögu nr. 1.

Tillaga 1.

87. ársþing UMSK haldið í Versölum Kópavogi 10. febrúar 2011 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK:

Afreksmannasjóður UMSK

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum.
2. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með

sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.

3. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
4. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
5. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
6. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
7. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annari úthlutun.
8. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

Umræður: Þorsteinn Þorbergsson frá Stjórnunni
Spurning um breytingar.

1 gr. Er til eitthvað sem heitir óviðurkennd Norðurlandamót?

Varðandi þennan sjóð, varðandi ólympíuleika, aðrir styrkja þá, frekar að styrkja börnin sem eru í félögunum. Umhugsunarefni.

4. liðurinn, jafnloðið og hið fyrra, starfið er ekki voðalega mótað á mörgum stöðum, maðurinn með stimpilinn.

Valdimar Leó svarar

Þessar hugmyndir koma frá sjóðsstjórninni sjálfri, koma frá þeirra reynslu.

Hefur í gegnum tíðina verið að umsækjendur eru að sækja um fyrir æfingamót einhverra félagsliða.

Þetta snýst um að einhver einstaklingur komi og sækji um þetta snýst um hóp.

Mjög stórir hópar sem ekki eiga möguleika á að fá styrk frá ÍSí.

Arnþór Sigurðsson

Í fyrsta liðnum hvað er viðurkennt, spurning hver á að viðurkenna?

Leggur blessun sína yfri þessar reglur.

Hafsteinn Pálsson

Varðandi styrkveitingar frá ÍSí til þeirra sem eru að taka þátt í Ólympíuleikum.

Það væri verið að styðja við undirbúningsferlið því að kostnaðurinn er mjög mikill bæði fyrir félagið og einstaklinginn.

Er um takmarkað fjármagn að ræða frá ÍSí.

Þetta er sjónarmið sem á alveg rétt á sér. Standa með þeim sem verða fyrir þessum mikla kostnaði.

Þorsteinn Þorbergsson

Breytingartillaga við lið 1

Burt falli Ólympíuleikar

10% af fjárframlaginu er frá Lottóinu. Það á ekki að fara í ÓL.

þarna á að styðja barna og unglíngastarf.

Arnþór Sigurðsson

Viðbótarbreytingartillaga við lið 1

Arnþór leggur til að við fyrsta liðinn bætist:

Leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi

Forseti bar fyrri tillöguna upp, tillagan felld með meirihluta.

Forseti bar upp seinni tillöguna.

Tillagan var samþykkt af miklum meirihluta.

Ekki komu fleiri athugasemdir og tillagan borin upp í heild.

Breytingarnar voru samþykktar samhljóða.

Valdimar Leó bar upp tillögu nr. 2

Tillaga 2.

87. ársþing UMSK haldið í Versölum Kópavogi 10. febrúar 2011 samþykkir að fela stjórn

UMSK að hefja vinnu að söguritun sambandsins.

Forseti bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Því næst bauð forseti fundarmönnum að bera upp frekari tillögur.

Birgir Bjarnason, framkvæmdastjóri Hk lagði fram tillögu og vísaði til bls. 22 í ársskýrslunni um úthlutunarreglur Lottósins.

Hann sagði að orðið væri tímabært að fara yfir þessar reglur og sú skoðun orðin algeng hjá félögunum.

Tillagan hljóðar þannig:

87. ársþing UMSK haldið í Versölum Kópavogi 10. febrúar 2011 samþykkir að stofnuð verði

nefnd, á vegum UMSK, sem fái það verkefni að endurskoða útreikninga á greiðslum

lottótekna til félaga og forsendur þeirra.

Nefndin skili álitni til ársþings UMSK 2012.

Greinargerð:

Ljóst er að það er löngu tímabært að fara yfir þær reglur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun lottótekna til aðildarfélaga UMSK. Slík skoðun hefur raunar verið í umræðu um nokkurt árabli.

Flutningsfélagi þessarar tillögu þykir tímabært að setja málið í formlegan farveg.

Málið skuli skoðað milli þinga. Skipa millipinganefnd sem mundi vinna með formönnunum. Þessar reglur fari til skoðunar í þeirri nefnd.

Hafsteinn Pálsson tók til máls.

Rakti hann sögu þessarar úthlutunarreglna og sagði að formenn félaga hafi tekið þátt í þeirri vinnu.

Tillögurnar náðu samstöðu og víðtækri sátt og samkomulag um þessar reglur náðist hjá öllum formönnunum.

Farsælasta lausnin að hafa sem mest samkomulag um þessar reglur. Formenn komi saman og fari yfir þær.

Forseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Valdimar Leó bar upp tillögu um stjórn afreksmannasjóðs þau:

Ástu Garðarsdóttur, Stjörnunni

Guðmund Jónsson, Breiðabliki

Andra Sigfússon, Gróttu

Auður Þorsteinsdóttir, Gerplu

Auk þess skipar stjórn UMSK 1 mann í stjórnina.

Borið upp og samþykkt.

Samþykkt að fela stjórn að finna fulltrúa á ÍSÍ þing.

Kosningar:

Formaður kosinn: Valdimar Leó Friðriksson

Stjórn: Ester Jónsdóttir Breiðabliki og Albert Valdimarsson HK (voru kosinn til tveggja ára 2010).

Margrét Björnsdóttir Ými og Einar Jóhannsson NK kosin áfram til setu í aðalstjórn.

Varastjórn: Svanur M. Gestsson Aftureldingu, Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki og Halldór Valdimarsson HK.

Skoðunarmenn reikninga: Kristján Sveinbjörnsson og Hafsteinn Pálsson og til vara Logi Kristjánsson.

Þingi slitið kl. 21.05

Fundarritari,

Margrét Björnsdóttir